

Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa skipa

Almennar upplýsingar um höfnina

Stjórnsýsluupplýsingar

Útgefíð: 13.júlí 2012, uppfært nóvember 2018

Höfn: Breiðalsvíkurhöfn

Hafnarstarfsemi: Blönduð hafnarstarfsemi

Heimilisfang: Selnesi 1
760 Fjarðabyggð

Tengiliður: Hafnarvörður

Sími: 864 6956

Útkallssími: 474-1305

Fax:

Tölvupóstur: hofnbre@fjardabyggd.is / hofnrey@fjardabyggd.is

Fjöldi skipakoma: Ekki skráðar

Tilgangurinn með gerð áætlunarinnar

Tilgangurinn með áætlun Fjarðabyggðarhafna er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar.

Umfang starfsemi hafnarinnar

Breiðalsvíkurhöfn er fiskihöfn sem byggð er fyrir almenna útgerð. Höfnin er yst á Selnestanga en þar er sjóvarnargarður sem hlífir höfninni. Hafnaraðstaða saman stendur af steypum garði („Nýja Bryggja“) þar sem er löndunaraðstaða auk flotbryggjuvíðlegu og grjótgarða. Eingöngu hefur verið um að ræða umferð smábáta í Breiðalsvíkurhöfn síðari ár.

Móttökubúnaður úrgangs á höfninni

A. Þörf fyrir aðstöðu og búnað til móttöku úrgangs á höfninni

Tafla 1 sýnir fjölda þeirra skipa og tegundir, sem notuðu hafnaraðstöður hafnarinnar á árinu 2018.

Tegund skipa	Fjöldi notenda 2018
Smábátar	20
Stór fiskiskip	0
Flutningaskip	0
Afþreyingar skip	0
Önnur skip	0



FJARDABYGGÐ

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir þá móttökuflokka og magn hvers flokks sem tekið er á móti hjá höfninni.

	Tegund og gerð móttökubúnaðar	Aðferð við söfnun	Árlegt magn 2017*
Almennur úrgangur (Óflokkaður úrgangur, heimilis- og lifrænn úrgangur)	Sorptunnur við bryggju og safnstöð (Gámur)	Tæmt aðra hverja viku	5.000 kg
Endurviðnanlegur úrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	
Veiðarfæraúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	
Brotajárn	Ílát við gámasvæði	Ílát við gámasvæði	
Spilliefni	Kar við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Kar 600 lítra við hafnarkant eða sérferð á sorpmóttökustað	Ekki skráð
Fljótandi olíuúrgangur	Olíutankur 600 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	Olíutankur 600 lítra eða sérferð á sorpmóttökustað	500 ltr
Fljótandi skólpúrgangur	Sérferð á sorpmóttökustað	Sérferð á sorpmóttökustað	
Annar úrgangur	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	Eftir samkomulagi milli skips og hafnar	
Samtals			5.000 kg

* Hér er miðað við áætlað magn, tölur frá árinu 2017 liggja ekki fyrir, áætlunin byggir á reynslutölum fyrir seinni hluta árs 2018

Í töflunni hér að ofan má sjá áætlað magn úrgangs sem tekið var Breiðalsvíkurhöfn árið 2017. Hefur það sýnt sig að sá búnaður sem þar er til staða er nægjanlegur, enda er brugðist við einstaka toppum eða ef um mikið magn er að ræða með sérferð á sorpflokkunarstöð sveitarfélagsins. Ekki er um neina formeðhöndlun úrgangs að ræða á höfninni, tekið er við honum eins og hann kemur frá skipi og hann settur í viðeigandi móttökubúnað sem til staðar er eða farin er sérferð með úrganginn á sorpmóttökustað sveitarfélagsins. Magn spilliefna sem farið er með á móttökustöð var ekki skráð, en magnið er óverulegt þar sem útgerðaraðilar sjá í flestum tilfellum um að koma úrganginum á næstu móttökustöð.

Markmiðið með töflu 2 hér að ofan er að vera með tiltæka flokkun úrgangs til að safna saman upplýsingum um magn úrgangs sem höfnin tekur á móti árlega, hvort heldur er til upplýsingagjafar eða nýta við endurskoðun áætlunarinnar síðar.

Fyrirkomulag sorpmóttöku á höfninni er í endurskoðun þar sem höfnin er nú hluti af Fjarðabyggðahöfnum og það kallar á breytingar á fyrirkomulagi við rekstur hafnarinnar.

B. Staðsetning og aðgengi að búnaði til móttöku úrgangs.

Þegar sorpgánum var valin staðsetning var tekið tillit til aðgengis að þeim og skipaumferðar við hafnarkant. Skip og bátar geta losað sig við sorp í sorpílat hafnarinnar. Ef um mikið magn er að ræða er farin sér ferð með úrgang á sorpmóttökustað sveitarfélagsins, er það ýmist gert af hálfu hafnarstarfsmanna eða að kallaður er til vörubíll til að flytja úrganginn frá skipinu.

Fjöldi og tegund ílátta fyrir úrgang á höfninni.

Steyptur garður („Nýja Bryggja“)

- 1 gámur fyrir almennan úrgang

Gamli garður

- 1 tankur fyrir úrgangsolíu
- 1 tunna fyrir spilliefni

Safnstöð við áhaldahús

- Sorpsöfnunargámur fyrir almennt sorp

Móttökubúnaðurinn á Steyptum garði (er staðsettur á steyptri þekju í að hámarki 100 metra fjarlægð frá bryggjukanti. Vegna öryggis eru móttökugámarnir staðsettir í jaðri starfssvæðis hafnarinnar, við áhaldahús sveitarfélagsins.

Enginn móttökubúnaður er á Gamla-garðinum, en þar er allt sorp ef til fellur tekið með sérferð.

Gámarnir, körin og tankarnir eru skýrt merktir með stórum merkjum til að ljóst sé hvar móttaka úrgangs sé og skýrt sé hvaða tegund úrgangs sé tekið á móti og hverju ekki. Ef ekki er móttökuílát fyrir þann úrgang sem þarf að losna við skal haft samband við starfsmann hafnarinnar. Úrgangsmóttakan er nærri ljósi til að tryggja örugga móttöku úrgangs allan sólarhringinn, allan ársins hring. Á mynd 1 má sjá staðsetningu móttökubúnaðar fyrir úrgang á korti á öllum hafnarköntum.

Merkingar sem notaðar eru á móttökuílát úrgangs hjá Fjarðabyggðarhöfnum



Merki fengin á heimasíðunni www.fenur.is

Um tæmingu úrgangsgáma hefur Terra umhverfisþjónusta ehf. séð um eftir þörfum og í samráði við starfsmenn hafnarinnar. Starfsmenn hafnarinnar hafa séð um tæmingu kara og úrgangsolíutanka með því að kalla til flutningsaðila til að fara með kör á sorpmóttökustöð, móttöku fyrir brotajárn eða kalla til aðila frá olíufélagi til að taka úrgangsolíu.



FJARÐABYGGÐ



Mynd 1 Staðsetning móttökubúnaðar fyrir úrgang á öllum hafnarköntum

C. Staðfesting móttöku úrgangs

Tilkynningar frá skipum um skil á úrgangi skulu staðafestar með áritun séu þær í samræmi við skilað magna úrgangs. Ef skilað magn úrgangs er umfram það sem fram kemur á tilkynningu frá skipi skal gerð ný skilagrein/móttökutilkynning fyrir móttekið magn.

Þegar tilkynning frá skipum hefur verið móttokin og staðfest er hún skráð inn í skilaform Umhverfisstofnuna þar sem haldið er utan um móttekið magn. Upplýsingunum er síðan skilað til Umhverfisstofnunar í upphafi hvers árs fyrir liðið ár.

D. Móttaka skólps

Tekið er á móti skólpi frá skipum sé þess óskað, en í þeim tilvikum er kallaður til þjónustuaðili sem hefur yfir að ráða dælubílum til slíkrar þjónustu.

E. Upplýsingar til notenda

Eins og fjallað er um í lið B hér á undan, eru notaðar greinagóðar merkingar á ílát til móttoku úrgangs, notendum til upplýsinga.

Á hafnarvog má fá upplýsingar um móttoku úrgangs og meðferð á höfninni og hafnarsvæðum Fjarðabyggðarhafna.

Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framsfærí ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna.

Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra Fjarðabyggðarhafna (á þar til gerðu eyðublaði ef það er til staðar) á netfangið karl@fjardabyggd.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er.

Telji viðkomandi umkvörtunarefníð vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisyfirvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar. Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunnar:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

Samráð

Við gerð áætlunarinnar var unnið út frá reynslu undangenginna ára hvað varðar móttöku og meðhöndlun úrgangs og þess samstarfs sem verið hefur við skipstjóra útgerðar- og umboðaðila skipa og aðra notendur hafnanna um móttöku úrgangs.

Einnig var haft samband við þjónustuaðila sem starfar við þjónustu skipa á höfninni og útgerðaraðila sem nýtir höfnina nokkuð reglulega. Notendur hafnarinnar eru frá ýmsum stöðum á landinu og mörgum heimshornum og því verður að treysta á að slíkir aðilar komi með ábendingar um hvað betur má fara þegar þjónusta er veitt til að hægt sé að bregðast við því eftir því sem þörf er á.

Úrvinnsla og ábyrgð á framkvæmd

Starfsmenn hafnarinnar halda utan um magn og helstu tegundir úrgangs og er í því sambandi stuðst við eyðublað um móttöku úrgangs, ýmist sem viðkomandi skip er með sjálft eða ef svo er ekki þá er notað eyðublað hafnarinnar. Sá úrgangur sem er í minna magni og fer í móttöku ílát á hafnarsvæði er vigtaður og skráður inn á eyðublað með skýringum um tegund og magn þegar ílátin eru tæmd fyrir viðkomandi hafnarsvæði.

Ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og skráningu móttakins úrgangs er í höndum hafnarstarfsmanna viðkomandi hafnar.

Endurskoðun

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 skal endurskoða áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa á þriggja ára fresti, næst árið 2021. Einnig skal hún endurskoðuð ef meiriháttar breytingar verða á rekstri hafnarinnar.

Lög og reglugerðir

Áætlun þessi er unnin í samræmi við ákvæði eftirfarandi laga og reglugerða:

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum.

Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur)



FJARÐABYGGÐ

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni með síðari breytingum.

Reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku og meðhöndlun á úrgangi og farmleifum frá skipum

Reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum

Reglugerð nr. 809/1999 um olíuúrgang, með síðari breytingum

Áætlunin var staðfest af hafnarstjórn Fjarðabyggðar 4. desember 2018.

Áætlunin var staðfest af Umhverfisstofnun XX. XX. XXX

Upplýsingar vegna losunar úrgangs

Tilgangurinn með áætlun Fjarðabyggðarhafna er að uppfylla reglur sem ætlað er að vernda umhverfið með því að tryggja viðunandi aðstöðu til móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum og að því sé skilað til viðurkenndrar móttökustöðvar.

Óski skip eftir að losa úrgang hjá höfninni skal hafa samband við starfsmann hafnarinnar og tilkynna um losun.

Mjóeyrarhöfn	+354-474-1305
Reyðarfjarðarhöfn	+354-474-1305
Norðfjarðarhöfn	+354-477-1333
Eskifjarðarhöfn	+354-476-1199
Fáskrúðsfjarðarhöfn	+354-475-9040
Stöðvarfjarðarhöfn	+354-475-9015
Mjóafjarðarhöfn	+354-893-6770
Breiðalsvíkurhöfn	+354-474-1305

Þetta á einnig við þegar skip og bátar losa úrgang í þar til gerð sorpílat sem staðsett eru á viðkomandi hafnarsvæði. Tilkynna skal hafnarstarfsmanni um losunina, magn og tegund úrgangs.

Allur úrgangur skal vera flokkaður og umbúðir merktar viðkomandi úrgangsflokkji þannig að ekki fari á milli málalista um hvers konar úrgang er að ræða.

Allur úrgangur sem settur er í land skal skráður og fær skip afrit af móttökukvittun frá höfninni.

Mynd af staðsetningu sorpmóttökubúnaðar er að finna á heimasíðu hafnarinnar
<http://www.fjardabyggd.is/hafnir/fjardabyggdarhafnir/samhykkir-og-log>

Listi yfir þjónustuaðila:

Íslenska Gámafélagið	Leirum	730 Fjarðabyggð	474-1555	Úrgangur
Terra umhverfisþjónusta hf.	Hafnargötu 6	730 Fjarðabyggð	474-1516	Úrgangur
Bólholt ehf.	Lagarfelli 10	700 Egilsstaðir	471-3000	Skólp
Olfudreifing		730 Reyðarfirði	474-1525	Úrgangsólía
Skeljungur		735 Eskifirði	444-3141	Úrgangsólía

Ef skipstjóri, útgerðaraðili eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu hafnarinnar skal hann snúa sér til hafnarstarfsmanna eða beint til hafnarstjóra Fjarðabyggðarhafna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið karl@fjardabyggd.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er eða innan þriggja mánaða frá því að kvörtun barst.

Hafnarverðir



FIARÐABYGGÐ

EYÐUBLAÐ FYRIR MÓTTÖKU ÚRGANGS

Skip:

Skr.nr. Skips

Dags.

— 1 —

LÝSING¹

ÁSTÆÐA LOSUNAR²

For more information about the study, please contact the study team at 1-800-258-4263 or visit www.cancer.gov.

UPPLÝSINGAR UM UMBOÐSAÐILA SKIPS

UPPLÝSINGAR UM UMBOÐSAÐILA SKIPS	
Nafn:	Sími:
Heimili:	Fax:
Staður:	email:
Land:	Tengiliður:

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð
Iceland

Undirskrift móttökuaðila:

¹ Allir úrgangsflokkar skulu listaðir upp í kaflanum "LÝSING" eða skráningalisti festur við skjalið.

Pökkunarlisti skal alltaf festur bæði innan og utan á kassa/ílát/pakka

² Eitt eintak af skiali bessu til skips / eitt eintak til hafnarinnar



FIARÐABYGGÐ

LANDED GOODS FORM

Vessel

IMO no.

Digitized by srujanika@gmail.com

Date _____

DESCRIPTION¹

REASON FOR LANDING²

For more information about the study, please contact the study team at 1-800-258-4263 or visit www.cancer.gov.

AGENT DETAILS	
Name:	Tel:
Adress:	Fax:
City:	email:
Country:	Contakt:

**Hafnarsjóður Fjarðabyggðar
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð
Iceland**

Signature:

¹ All items shall be listed under "DESCRIPTION" or an inventory list is to be attached to this form
Packing list shall be placed both outside as well as inside the box /crate/parcel

² One copy vessel / one copy port



FJARÐABYGGÐ

Listi yfir þjónustuaðila:

Íslenska Gámafélagið	Leirum	730 Fjarðabyggð	474-1555	Úrgangur
Terra umhverfisþjónusta hf.	Hafnargötu 6	730 Fjarðabyggð	474-1516	Úrgangur
Bólholt ehf	Lagarfelli 10	700 Egilsstaðir	471-3000	Skólp
Olíudreifing		730 Reyðarfirði	474-1525	Úrgangsólía
Skeljungur		735 Eskifirði	444-3141	Úrgangsólía